



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 13. október var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 17:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín Björk Leifsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Ástrós Elísdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Róbert Kristjánsson setti fundinn og stjórnaði honum í fjarveru oddvita og varaoddvita sem höfðu lýst sig vanhæfa til að fjalla um málefni fundarins. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Byggðakvóti – sérstök skilyrði fyrir Skagaströnd

Með erindi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem áður var til umfjöllunar sveitarstjórnar þann 7. október 2020 er varðar úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun er áréttað að ráðherra geti á grundvelli rökstuddra tillaga frá sveitarstjórnnum vikið frá almennum reglum um úthlutun byggðakvóta til einstakra fiskiskipi sbr. reglugerð nr. 728/2020. Tillögur um sérreglur verða að vera byggðar á málefnalegum og staðbundnum ástæðum. Í erindinu kemur fram að veittur sé frestur til 15. október til að gera tillögur að sérstökum skilyrðum varðandi úthlutun byggðakvótans.

Fundarstjóri kynnti svohljóðandi tillögu sem lá fyrir fundinum:

Tillaga að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta.

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að óska eftir því við háttvirtan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að sérstök skilyrði verði sett fyrir úthlutun byggðakvóta sem koma mun í hlut Sveitarfélagsins Skagastrandar og úthlutað verður til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2020/2021. **Vísað er til 1- 4. gr. og 6. reglugerðar nr. 728/2020** og óskað eftir að eftirfarandi sérstök skilyrði verði sett:

1. Ákvæði c-liðar 1. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með lögheimili í sveitarfélaginu 1. júlí 2020. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.
2. Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 40 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (Húnaflóarækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar eftirstöðvum af



ek

úthlutuðum byggðakvóta skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar, auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónotaðs byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.

3. Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4 gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1. september 2019 í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (40 tonnum) verði úthlutuðum heimildum skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum þ.e. úthlutun þess árs auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónotaðs byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári verði hins vegar skipt skv. ákvæðum 4. greinar reglugerðarinnar.
4. Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 50 þorskígildislestir. Hámarkið gildi um samanlagða úthlutun í báðum flokkum sbr. 2. töluliður þessarar tillögu. Þó skal við úthlutun fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.
5. Veitt verði undanþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðarlaginu. Er þetta skilyrði ófrávíkjanlegt.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi tillögu og fór yfir líkleg áhrif af þeim ákvæðum sem þar koma fram. Tillagan var samþykkt samhljóða með 5 greiddum atkvæðum. Var sveitarstjóra falið að senda tillögur til ráðuneytis fyrir umbeðinn frest.


2. Önnur mál


Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 18:05.


Róbert Kristjánsson


Kristín Björk Leifsdóttir


Jón Ólafur Sigurjónsson


Guðmundur Egill Erlendsson


Ástrós Elísdóttir


Alexandra Jóhannesdóttir